

TILSKIPUN EVRÓPUÞINGSINS OG RÁÐSINS (ESB) 2018/849**2022/EES/72/52****frá 30. maí 2018**

um breytingu á tilskipun 2000/53/EB um úr sér gengin ökutæki, tilskipun 2006/66/EB um rafhlöður og rafgeyma og notaðar rafhlöður og rafgeyma og tilskipun 2012/19/ESB um raf- og rafeindabúnaðarúrgang (*)

EVROPUÞINGIÐ OG RÁÐ EVRÓPUSAMBANDSINS HAFU,

með hliðsjón af sáttmálanum um starfshætti Evrópusambandsins, einkum 1. mgr. 192. gr.,

með hliðsjón af tillögu framkvæmdastjórnarinnar,

eftir að hafa lagt drög að lagagerð fyrir þjóðþingin,

með hliðsjón af álitum efnahags- og félagsmálanefndar Evrópusambandsins (1),

með hliðsjón af álitum svæðanefndarinnar (2),

í samræmi við almenna lagasetningarmeðferð (3),

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) Bæta ætti úrgangsstjórnun innan Sambandsins í því skyni að vernda, varðveita og auka gæði umhverfisins, vernda heilbrigði manna, tryggja varfærna, skilvirka og skynsamlega nýtingu náttúruauðlinda og stuðla að meginreglum hringrásarhagkerfisins.
- 2) Til að minnka stjórnsýslubyrði á litlar starfsstöðvar eða fyrirtæki ætti að innleiða einföldun á kröfum fyrir leyfisveitingar og skráningu fyrir litlar starfsstöðvar eða fyrirtæki.
- 3) Framkvæmdaskýrslur sem aðildarríki útbúa á þriggja ára fresti hafa ekki reynst skilvirkt verkfæri til að sannreyna reglufylgni eða tryggja góða framkvæmd og leiða til óparfa stjórnsýsluálags. Því er rétt að fella úr gildi ákvæði sem skylda aðildarríki til að gera slíkar skýrslur. Þess í stað ætti eingöngu að byggja samræmisefirlit á gögnunum sem aðildarríki gefa framkvæmdastjórninni árlega skýrslu um.
- 4) Gögn úr skýrslugjöf aðildarríkjanna eru nauðsynleg fyrir framkvæmdastjórnina til að meta reglufylgni aðildarríkjanna við lög Sambandsins um úrgang. Bæta ætti gæði, áreiðanleika og samanburðarhæfi gagna með því að innleiða einn inngöngustað fyrir öll gögn um úrgang, fella brott úreltar skýrslugjafarkröfur, setja viðmiðanir um landsbundna aðferðafræði við skýrslugjöf og innleiða skýrslu um eftirlit með gæðum gagna.

(*) Þessi ESB-gerð birtist í Stjóð. ESB L 150, 14.6.2018, bls. 93. Hennar var getið í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 243/2022 frá 23. September 2022 um breytingu á II. viðauka (Tæknilegar reglugerðir, staðlar, prófanir og vottun) og XX. viðauka (Umhverfismál) við EES-samninginn (bíður birtingar).

(1) Stjóð. ESB C 264, 20.7.2016, bls. 98.

(2) Stjóð. ESB C 17, 18.1.2017, bls. 46.

(3) Afstaða Evrópuþingsins frá 18. apríl 2018 (hefur enn ekki verið birt í Stjórnartíðindunum) og ákvörðun ráðsins frá 22. maí 2018.

- 5) Áreiðanleg skýrslugjöf um gögn sem varða úrgangsstjórnun hefur mikla þýðingu fyrir skilvirka framkvæmd og til að tryggja samanburðarhæfi gagna milli aðildarríkjanna. Þegar aðildarríkin gefa skýrslur um árangur sinn við að ná markmiðunum, sem sett eru fram í tilskipunum Evrópuþingsins og ráðsins 2000/53/EB ⁽⁴⁾, 2006/66/EB ⁽⁵⁾ og 2012/19/ESB ⁽⁶⁾, ættu þau því að nota nýjustu reglurnar, sem framkvæmdastjórnin þróaði, og aðferðafræðina sem þróuð var af viðkomandi lögbærum landsyfirvöldum sem bera ábyrgð á framkvæmd þessara tilskipana.
- 6) Úrgangsmetakerfið sem mælt er fyrir um í tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2008/98/EB ⁽⁷⁾ gildir sem forgangsröð í löggjöf Sambandsins um forvarnir gegn myndun úrgangs og úrgangsstjórnun. Þegar aðildarríkin fara að markmiðum þessarar tilskipunar ættu þau að grípa til nauðsynlegra ráðstafana til að tekið sé tillit til forgangsröðunar úrgangsmetakerfisins og tryggja framkvæmd þessarar forgangsröðunar í reynd.
- 7) Í tengslum við skuldbindingar Sambandsins um að ná fram umbreytingu yfir í hringrásarhagkerfi ætti að endurskoða og, ef nauðsyn krefur, breyta tilskipunum 2000/53/EB, 2006/66/EB og 2012/19/ESB, að teknu tilliti til framkvæmdar þeirra og gefa m.a. gaum að hagkvæmni þess að setja markmið fyrir tiltekin efni sem eru í viðkomandi úrgangsstraumum. Við endurskoðun á tilskipun 2000/53/EB ætti einnig að huga að vandanum við úr sér gengin ökutæki sem ekki er gerð grein fyrir, þ.m.t. tilflutningur á notuðum ökutækjum sem grunur leikur á um að séu úr sér gengin ökutæki, og við beitingu á viðmiðunarreglum nr. 9 fyrir fulltrúa um tilflutning ökutækjaúrgangs. Við endurskoðun á tilskipun 2006/66/EB ætti einnig að taka tillit til tækniþróunar á nýjum gerðum rafgeyma sem hættuleg efni eru ekki notuð í.
- 8) Til að unnt sé að breyta og bæta við tilskipun 2000/53/EB og breyta tilskipun 2012/19/ESB ætti að framselja heimildina til að samþykkja gerðir, í samræmi við 290. gr. sáttmálans um starfshætti Evrópusambandsins, til framkvæmdastjórnarinnar að því er varðar 4. gr. (b-lið, 2. mgr.), 5. gr. (5. mgr.), 6. gr. (6. mgr.) og 8. gr. (2. mgr.) tilskipunar 2000/53/EB, eins og henni er breytt með þessari tilskipun, og 19. gr. tilskipunar 2012/19/ESB, eins og henni er breytt með þessari tilskipun. Einkum er mikilvægt er að framkvæmdastjórnin hafi viðeigandi samráð meðan á undirbúningsvinnu hennar stendur, þ.m.t. við sérfræðinga, og að þetta samráð fari fram í samræmi við meginreglurnar sem mælt er fyrir um í samstarfssamningi milli stofnana frá 13. apríl 2016 um betri lagasetningu ⁽⁸⁾ Til að tryggja jafna þátttöku við undirbúning framseldra gerða fá Evrópuþingið og ráðið í hendur öll skjöl á sama tíma og sérfræðingar aðildarríkjanna og hafa sérfræðingar þeirra kerfisbundinn aðgang að fundum sérfræðingahópa framkvæmdastjórnarinnar sem hafa umsjón með undirbúningi framseldra gerða.
- 9) Til að tryggja samræmd skilyrði við framkvæmd tilskipunar 2000/53/EB að því er varðar 7. gr. (2. mgr.) og 9. gr. (1. mgr. d) hennar, eins og henni er breytt með þessari tilskipun, og við framkvæmd tilskipunar 2012/19/ESB að því er varðar 16. gr. (9. mgr.) hennar, eins og henni er breytt með þessari tilskipun, ætti að fela framkvæmdastjórninni framkvæmdarvald. Þessu valdi ætti beita í samræmi við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 182/2011 ⁽⁹⁾.
- 10) Þar eð aðildarríkin geta ekki fyllilega náð markmiðum þessarar tilskipunar, þ.e. að bæta úrgangsstjórnun í Sambandinu og stuðla þannig að því að vernda, varðveita og bæta gæði umhverfisins og að náttúruauðlindir séu nýttar af varúð og skynsemi, og þeim verður betur náð á vettvangi Sambandsins vegna umfangs og áhrifa ráðstafananna, er Sambandinu heimilt að samþykkja ráðstafanir í samræmi við nálægðarregluna eins og kveðið er á um í 5. gr. sáttmálans um Evrópusambandið. Í samræmi við meðalhöfsregluna, eins og hún er sett fram í þeirri grein, er ekki gengið lengra en nauðsyn krefur í þessari tilskipun til að ná þessum markmiðum.

⁽⁴⁾ Tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2000/53/EB frá 18. september 2000 um úr sér gengin ökutæki (Stjtið. EB L 269, 21.10.2000, bls. 34).

⁽⁵⁾ Tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2006/66/EB frá 6. september 2006 um rafhlöður og rafgeyma og notaðar rafhlöður og rafgeyma og um niðurfellingu tilskipunar 91/157/EBE (Stjtið. ESB L 266, 26.9.2006, bls. 1).

⁽⁶⁾ Tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2012/19/ESB frá 4. júlí 2012 um raf- og rafeindabúnaðarúrgang (Stjtið. ESB L 197, 24.7.2012, bls. 38).

⁽⁷⁾ Tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2008/98/EB frá 19. nóvember 2008 um úrgang og um niðurfellingu tiltekinna tilskipana (Stjtið. ESB L 312, 22.11.2008, bls. 3).

⁽⁸⁾ Stjtið. ESB L 123, 12.5.2016, bls. 1.

⁽⁹⁾ Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 182/2011 frá 16. febrúar 2011 um reglur og almennar meginreglur varðandi tilhögun eftirlits aðildarríkjanna með framkvæmdastjórninni þegar hún beitir framkvæmdavaldi sínu (Stjtið. ESB L 55, 28.2.2011, bls. 13).

- 11) Því ætti að breyta tilskipunum 2000/53/EB, 2006/66/EB og 2012/19/ESB til samræmis við það.
- 12) Í samræmi við sameiginlega pólitíska yfirlýsingu aðildarríkjanna og framkvæmdastjórnarinnar frá 28. september 2011 um skýringaskjöl⁽¹⁰⁾ hafa aðildarríkin skuldbundið sig til að láta, í rökstuddum tilvikum, eitt eða fleiri skjöl fylgja tilkynningunni um lögleiðingarráðstafanir sínar til að útskýra sambandið milli efnisþátta tilskipunar og samsvarandi hluta landsbundinna lögleiðingargæringa. Að því er varðar þessa tilskipun telur löggjafinn að sending slíkra gagna sé rökstudd.

SAMÞYKKT TILSKIPUN ÞESSA:

1. gr.

Breyting á tilskipun 2000/53/EB

Tilskipun 2000/53/EB er breytt sem hér segir:

- 1) Í stað b-liðar 2. mgr. 4. gr. komi eftirfarandi:

„b) Framkvæmdastjórninni er falið vald til að samþykkja framseldar gerðir, í samræmi við 9. gr. a, til að breyta II. viðauka reglulega til að laga hann að framförum í tækni og vísindum í því skyni að:

- i) ákvarða, eftir því sem þörf krefur, ásættanlegan hámarksstyrk þeirra efna, sem um getur í a-lið þessarar málsgreinar, í tilteknum smíðaeffnum og íhlutum ökutækja,
- ii) veita ákveðnum smíðaeffnum og íhlutum ökutækja undanþágu frá a-lið þessarar málsgreinar ef notkun efnanna, sem um getur í þeim lið, er óhjákvæmileg,
- iii) fella smíðaeffni og íhluti ökutækja brott úr II. viðauka ef notkun efnanna, sem um getur í a-lið þessarar málsgreinar, er óhjákvæmileg,
- iv) tiltaka samkvæmt i. og ii. lið þau smíðaeffni og íhluti ökutækja sem hægt er að fjarlægja áður en frekari meðhöndlun fer fram og gera þá kröfu að þau séu merkt eða auðkennd á annan viðeigandi hátt.

Framkvæmdastjórnin skal samþykkja aðskilda, framselda gerð að því er varðar hvert efni, smíðaeffni eða íhlut sem i. til iv. liður hafa áhrif á.“

- 2) Í stað 5. mgr. 5. gr. komi eftirfarandi:

„5. Aðildarríkin skulu gera nauðsynlegar ráðstafanir til að tryggja að lögbær yfirvöld viðurkenni og samþykki gagnkvæm eyðingarvottorð, sem eru gefin út í öðrum aðildarríkjum, í samræmi við 3. mgr. þessarar greinar.

Framkvæmdastjórninni er falið vald til að samþykkja framseldar gerðir, í samræmi við 9. gr. a, í því skyni að bæta við þessa tilskipun með því að ákvarða lágmarkskröfur varðandi eyðingarvottorð.“

- 3) Ákvæðum 6. gr. er breytt sem hér segir:

- a) Í stað 1. mgr. komi eftirfarandi:

„1. Aðildarríkin skulu gera nauðsynlegar ráðstafanir til að tryggja að öll úr sér gengin ökutæki séu geymd (jafnvel til bráðabirgða) og meðhöndluð í samræmi við úrgangsmetakerfið og almennar kröfur, sem mælt er fyrir um í 4. gr. tilskipunar Evrópuþingsins og ráðsins 2008/98/EB (*), og í samræmi við lágmarkstæknikröfur, sem settar eru fram í I. viðauka við þessa tilskipun, með fyrirvara um landsbundnar heilbrigðis- og umhverfisreglur.

(*) Tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2008/98/EB frá 19. nóvember 2008 um úrgang og um niðurfellingu tiltekinna tilskipana (Stjtið. ESB L 312, 22.11.2008, bls. 3).“

- b) Í stað 6. mgr. komi eftirfarandi:

„6. Framkvæmdastjórninni er falið vald til að samþykkja framseldar gerðir, í samræmi við 9. gr. a, til að breyta I. viðauka til að laga hann að framförum í tækni og vísindum.“

⁽¹⁰⁾ Stjtið. ESB C 369, 17.12.2011, bls. 14.

4) Í stað þriðju undirgreinar 2. mgr. 7. gr. komi eftirfarandi:

„Framkvæmdastjórninni er heimilt að samþykkja framkvæmdargerðir sem varða nákvæmar reglur sem eru nauðsynlegar til að hafa eftirlit með því hvort aðildarríkin nái þeim markmiðum sem sett eru fram í fyrstu undirgrein þessarar málsgreinar. Þegar framkvæmdastjórnin undirbýr þessar reglur skal hún taka tillit til allra þátta sem máli skipta, m.a. framboðs á gögnum og inn- og útflutnings úr sér genginna ökutækja. Þessar framkvæmdargerðir skulu samþykktar í samræmi við rannsóknarmálsmeðferðina sem um getur í 2. mgr. 11. gr.“

5) Í stað 2. mgr. 8. gr. komi eftirfarandi:

„2. Framkvæmdastjórninni er falið vald til að samþykkja framseldar gerðir, í samræmi við 9. gr. a, í því skyni að bæta við þessa tilskipun með því að ákvarða staðlana sem um getur í 1. mgr. þessarar greinar. Við undirbúning slíkra staðla skal framkvæmdastjórnin taka mið af því starfi sem fram fer á þessu sviði í viðeigandi alþjóðlegu samhengi. Framkvæmdastjórnin skal leggja sitt af mörkum til þessa starfs eftir því sem við á.“

6) Ákvæðum 9. gr. er breytt sem hér segir:

a) Ákvæði 1. mgr. falli brott.

b) Eftirfarandi málsgreinar bætist við:

„1a. Aðildarríkin skulu gefa framkvæmdastjórninni skýrslu fyrir hvert almanaksár um gögn sem varða framkvæmd 2. mgr. 7. gr.

Þau skulu gefa skýrslu um gögnin rafrænt innan 18 mánaða frá lokum skýrslugjafarársins sem gögnunum er safnað fyrir. Gefa skal skýrslu um gögnin á sniðinu sem framkvæmdastjórnin ákvarðar í samræmi við 1. mgr. d í þessari grein.

Fyrsta skýrslutímabilið skal hefjast á fyrsta heila almanaksárinu eftir að framkvæmdargerðin, þar sem sniðið fyrir skýrslugjöfina er ákvarðað, er samþykkt, í samræmi við 1. mgr. d í þessari grein, og það skal taka til gagna fyrir viðkomandi skýrslutímabil.

1b. Gögnum úr skýrslugjöf aðildarríkjanna í samræmi við 1. mgr. a skal fylgja skýrsla um gæðaeftirlit.

1c. Framkvæmdastjórnin skal fara yfir gögnin úr skýrslugjöfinni í samræmi við 1. mgr. a og birta skýrslu um niðurstöðurnar úr yfirferð sinni. Í skýrslunni skal meta skipulagningu gagnaöflunarinnar, uppruna gagnanna og aðferðafræðina sem er notuð í aðildarríkjunum sem og heilleika, áreiðanleika og samkvæmni gagnanna og hversu tímanleg þau eru. Matið má innihalda sérstök tilmæli um úrbætur. Skýrslan skal tekin saman eftir fyrstu skýrslugjöf aðildarríkjanna um gögnin og á fjögurra ára fresti eftir það.

1d. Framkvæmdastjórnin skal samþykkja framkvæmdargerðir þar sem mælt er fyrir um snið til að gefa skýrslu um gögnin sem um getur í 1. mgr. a í þessari grein. Þessar framkvæmdargerðir skulu samþykktar í samræmi við rannsóknarmálsmeðferðina sem um getur í 2. mgr. 11. gr.“

7) Eftirfarandi grein bætist við:

„9. gr. a

Beiting framsals

1. Framkvæmdastjórninni er falið vald til að samþykkja framseldar gerðir að uppfylltum þeim skilyrðum sem mælt er fyrir um í þessari grein.

2. Framkvæmdastjórninni skal falið vald til að samþykkja framseldar gerðir, sem um getur í 4. gr. (b-lið 2. mgr.), 5. gr. (5. mgr.), 6. gr. (6. mgr.) og 8. gr. (2. mgr.), í fimm ár á tímabili sem hefst 4. júlí 2018. Framkvæmdastjórnin skal taka saman skýrslu um valdaframsalið eigi síðar en níu mánuðum fyrir lok fimm ára tímabilsins. Valdaframsalið skal framlengt með þegjandi samkomulagi um jafnlangan tíma, nema Evrópuþingið eða ráðið andmæli þeirri framlengingu eigi síðar en þremur mánuðum fyrir lok hvers tímabils.

3. Evrópuþinginu eða ráðinu er hvenær sem er heimilt að afturkalla valdaframsalið sem um getur í 4. gr. (b-lið 2. mgr.), 5. gr. (5. mgr.), 6. gr. (6. mgr.) og 8. gr. (2. mgr.). Með ákvörðun um afturköllun skal binda enda á valdaframsalið sem um getur í þeirri ákvörðun Ákvörðunin öðlast gildi daginn eftir birtingu hennar í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins* eða síðar, eftir því sem tilgreint er í henni. Hún skal ekki hafa áhrif á gildi neinna framseldra gerða sem þegar eru í gildi.

4. Áður en framseld gerð er samþykkt skal framkvæmdastjórnin hafa samráð við sérfræðinga sem hvert aðildarríki hefur tilnefnt í samræmi við meginreglurnar sem mælt er fyrir um í samstarfssamningi milli stofnana um betri lagasetningu frá 13. apríl 2016 (*).
5. Um leið og framkvæmdastjórnin samþykkir framselda gerð skal hún samtímis tilkynna það Evrópuþinginu og ráðinu.
6. Framseld gerð, sem er samþykkt skv. 4. gr. (b-lið 2. mgr.), 5. gr. (5. mgr.), 6. gr. (6. mgr.) og 8. gr. (2. mgr.), skal því aðeins öðlast gildi að Evrópuþingið eða ráðið hafi ekki haft uppi nein andmæli innan tveggja mánaða frá tilkynningu um gerðina til Evrópuþingsins og ráðsins eða ef bæði Evrópuþingið og ráðið hafa upplýst framkvæmdastjórnina, áður en fresturinn er liðinn, um þá fyrirætlun sína að hreyfa ekki andmælum. Þessi frestur skal framlengdur um tvo mánuði að frumkvæði Evrópuþingsins eða ráðsins.

(*) Stjútíð. ESB L123, 12.5.2016, bls. 1.“

- 8) Eftirfarandi grein bætist við:

„10. gr. a

Endurskoðun

Framkvæmdastjórnin skal endurskoða þessa tilskipun, eigi síðar en 31. desember 2020, og leggja skýrslu fyrir Evrópuþingið og ráðið í þessu skyni ásamt, ef við á, tillögu að nýrri löggjöf.“

- 9) Í stað 11. gr. komi eftirfarandi:

„11. gr.

Nefndarmeðferð

1. Framkvæmdastjórnin skal njóta aðstoðar nefndar. Sú nefnd skal vera nefnd í skilningi reglugerðar Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 182/2011 (*).
2. Þegar vísað er til þessarar málsgreinar gildir 5. gr. reglugerðar (ESB) nr. 182/2011.

Skili nefndin ekki álitni skal framkvæmdastjórnin ekki samþykkja drögin að framkvæmdargerðinni og þriðja undirgrein 4. mgr. 5. gr. reglugerðar (ESB) nr. 182/2011 skal gilda.

(*) Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 182/2011 frá 16. febrúar 2011 um reglur og almennar meginreglur varðandi tilhögun eftirlits aðildarríkjanna með framkvæmdastjórninni þegar hún beitir framkvæmdarvaldi sínu (Stjútíð. ESB L 55, 28.2.2011, bls. 13).“

2. gr.

Breyting á tilskipun 2006/66/EB

Tilskipun 2006/66/EB er breytt sem hér segir:

- 1) Í stað 3. mgr. 10. gr. komi eftirfarandi:

„3. Aðildarríkin skulu fylgjast með söfnunarhlutföllum á ársgrundvelli samkvæmt kerfinu sem sett er fram í I. viðauka við þessa tilskipun. Með fyrirvara um reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 2150/2002 (*), skulu aðildarríkin senda framkvæmdastjórninni skýrslur rafrænt innan 18 mánaða frá lokum skýrslugjafarársins sem gögnunum er safnað fyrir. Í skýrslunum skal tilgreina hvernig nauðsynlegra gagna til að reikna söfnunarhlutfallið var aflað.

(*) Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 2150/2002 frá 25. nóvember 2002 um hagskýrslur um úrgang (Stjútíð. EB L 332, 9.12.2002, bls. 1).“

- 2) Í stað 5. mgr. 12. gr. komi eftirfarandi:

„5. Aðildarríkin skulu gefa skýrslu um hvaða endurvinnslustigi hefur verið náð á viðkomandi almanaksári og hvort þeirri endurvinnslunýtni sem um getur í B-hluta III. viðauka hefur verið náð. Þau skulu leggja gögnin rafrænt fyrir framkvæmdastjórnina innan 18 mánaða frá lokum skýrslugjafarársins sem gögnunum er safnað fyrir.“

- 3) Ákvæði 22. gr. falli brott.
- 4) Eftirfarandi grein bætist við:

„22. gr. a

Hvatar til beitingar úrgangsmetakerfisins

Til að stuðla að markmiðunum, sem mælt er fyrir um í þessari tilskipun, mega aðildarríkin nýta sér efnahagsleg stjórnæki og aðrar ráðstafanir til að hvetja til beitingar úrgangsmetakerfisins, s.s. þær sem tilgreindar eru í IV. viðauka a við tilskipun 2008/98/EB, eða önnur viðeigandi stjórnæki og ráðstafanir.“

- 5) Ákvæðum 23. gr. er breytt sem hér segir:

- a) Í stað 1. mgr. komi eftirfarandi:

„1. Framkvæmdastjórnin skal taka saman skýrslu um framkvæmd þessarar tilskipunar og áhrif hennar á umhverfið og starfsemi innri markaðarins eigi síðar en 31. desember 2018.“

- b) Í stað inngangshlutans í 2. mgr. komi eftirfarandi:

„2. Í skýrslu sinni skal framkvæmdastjórnin taka með mat á eftirfarandi þáttum í þessari tilskipun:“

3. gr.

Breyting á tilskipun 2012/19/ESB

Tilskipun 2012/19/ESB er breytt sem hér segir:

- 1) Ákvæðum 16. gr. er breytt sem hér segir:

- a) Ákvæði 5. mgr. falli brott.

- b) Eftirfarandi málsgreinar bætist við:

„6. Aðildarríkin skulu gefa framkvæmdastjórninni skýrslu fyrir hvert almanaksár um gögn sem varða framkvæmd 4. mgr.

Þau skulu gefa skýrslu um gögnin rafrænt innan 18 mánaða frá lokum skýrslugjafarársins sem gögnunum er safnað fyrir. Gefa skal skýrslu um gögnin á sniðinu sem framkvæmdastjórnin ákvarðar í samræmi við 9. mgr.

Fyrsta skýrslutímabilið skal hefjast á fyrsta heila almanaksárinu eftir að framkvæmdargerðin, þar sem sniðið fyrir skýrslugjöfina er ákvarðað, er samþykkt, í samræmi við 9. mgr., og það skal taka til gagna fyrir viðkomandi skýrslutímabil.

7. Gögnum úr skýrslugjöf aðildarríkjanna í samræmi við 6. mgr. skal fylgja skýrsla um gæðaeftirlit.

8. Framkvæmdastjórnin skal fara yfir gögnin úr skýrslugjöfinni í samræmi við 6. mgr. og birta skýrslu um niðurstöðurnar úr yfirferð sinni. Í skýrslunni skal meta skipulagningu gagnaöflunarinnar, uppruna gagnanna og aðferðafræðina sem er notuð í aðildarríkjunum sem og heilleika, áreiðanleika og samkvæmni gagnanna og hversu tímanleg þau eru. Matið má innihalda sérstök tilmæli um úrbætur. Skýrslan skal tekin saman eftir fyrstu skýrslugjöf aðildarríkjanna um gögnin og á fjögurra ára fresti eftir það.

9. Framkvæmdastjórnin skal samþykkja framkvæmdargerðir þar sem mælt er fyrir um snið til að gefa skýrslu um gögnin sem um getur í 6. mgr. þessarar greinar. Þessar framkvæmdargerðir skulu samþykktar í samræmi við rannsókn-armálsmeðferðina sem um getur í 2. mgr. 21. gr.“

- 2) Eftirfarandi grein bætist við:

„16. gr. a

Hvatar til beitingar úrgangsmetakerfisins

Til að stuðla að markmiðunum, sem mælt er fyrir um í þessari tilskipun, mega aðildarríkin nýta sér efnahagsleg stjórnæki og aðrar ráðstafanir til að hvetja til beitingar úrgangsmetakerfisins, s.s. þær sem tilgreindar eru í IV. viðauka a við tilskipun 2008/98/EB, eða önnur viðeigandi stjórnæki og ráðstafanir.“

3) Í stað fyrstu málsgreinar 19. gr. komi eftirfarandi:

Framkvæmdastjórninni er falið vald til að samþykkja framseldar gerðir, í samræmi við 20. gr. þessarar tilskipunar, að því er varðar þær breytingar sem eru nauðsynlegar til að aðlaga IV., VII., VIII. og IX. viðauka við þessa tilskipun að framförum í vísindum og tækni. Framkvæmdastjórnin skal samþykkja aðskilda, framselda gerð að því er varðar hvern viðauka sem á að breyta. Við breytingar á VII. viðauka við þessa tilskipun skal taka tillit til undanþáganna sem veittar eru samkvæmt tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2011/65/ESB (*).

(*) Tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2011/65/ESB frá 8. júní 2011 um takmarkanir á notkun tiltekinna, hættulegra efna í rafbúnaði og rafeindabúnaði (Stjtið. ESB L 174, 1.7.2011, bls. 88).“

4. gr.

Lögleiðing

1. Aðildarríkin skulu samþykkja nauðsynleg lög og stjórnsýslufyrirmæli til að fara að tilskipun þessari eigi síðar en 5. júlí 2020. Þau skulu tilkynna það framkvæmdastjórninni þegar í stað.

Þegar aðildarríkin samþykkja þessar ráðstafanir skal vera í þeim tilvísun í þessa tilskipun eða þeim fylgja slík tilvísun þegar þær eru birtar opinberlega. Aðildarríkin skulu setja nánari reglur um slíka tilvísun.

2. Aðildarríkin skulu senda framkvæmdastjórninni helstu ákvæði úr landslögum sem þau samþykkja um málefni sem tilskipun þessi nær til. Framkvæmdastjórnin skal tilkynna það hinum aðildarríkjunum.

5. gr.

Gildistaka

Tilskipun þessi öðlast gildi á tuttugasta degi eftir að hún birtist í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins*.

6. gr.

Viðtakendur

Tilskipun þessari er beint til aðildarríkjanna.

Gjört í Strassborg 30. maí 2018.

Fyrir hönd Evrópuþingsins,

A. TAJANI

forseti.

Fyrir hönd ráðsins,

L. PAVLOVA

forseti.